



Sjálfsmatsskýrsla
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2019-2020

Kristján Ásmundsson
Skólameistari FS

Hér verður farið stuttlega yfir þau markmið sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila og hvernig gengið hefur að ná þeim. Einnig fylgir skýrsla matsnefndar fyrir þetta skólaárið 2019-2020 ásamt niðurstöðum kennslumats en þá verður að hafa í huga að vegna covids ástandsins þá var ekkert kennslumat framkvæmt á vorönn 2020.

Markmið í kjarnastarfsemi sem sett voru fram í stefnu ríkisaðila:

1. Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi.
2. Bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma.
3. Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífsins.

Markmið varðandi rekstrarþætti:

1. Aukin stoðþjónusta til að sporna gegn brotthvarfi
2. Bætt nýting fjármuna
3. Efling mannauðs

Skólinn hefur undanfarnar annir verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi og mun halda því áfram. Ekki er lengur sett sér fjármagn í þetta verkefni af hálfu ríkisins.

Haustið 2018 hófu 230 nýnemar nám við skólann. Nú fjórum önnum síðar, á haustönn 2020, þá hafa 23 nemendur bæst við upphaflega hópinn en þetta eru nemendur sem hófu nám í öðrum skóla eða fóru ekki í skóla strax að loknum grunnskóla. Það eru 49 nemendur af upphaflega hópnum sem hafa hætt námi sem gerir 21,3% og spurning hvort þetta er vísbending um stærð brotthvarfs. Skólanum er ekki kunnugt um hvort þessir nemendur hafi farið annað í nám. Vonandi eiga þau eftir að koma inn síðar til að ljúka námi.

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar úr kennslumati og tölur um brotthvarf undanfarnar annir.

	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	viðmið
Kennslumat almennt	4,35	4,45	4,34	4,36	4
Hvatningin	4,18	4,35	4,26	4,22	3,8
Hrósið	4,28	4,34	4,29	4,29	3,8
Líðan	4,37	4,52	4,38	4,35	4,25
Brotthvarf	8,80%	9,80%	8,8%	8,20%	undir 10%
Hættu á önninni	56 (6,8%)	55 (6%)	41 (5,1%)	30 (3,25%)	

Ef taflan hér að ofan er skoðuð þá sést að þeim markmiðum sem sett voru varðandi hrós, hvatningu og líðan nemenda hefur verið náð. Þar vantar upplýsingar um vorönn 2020. Ástæðan er sú að vegna covids 19 var skólanum lokað og öll kennsla sett í fjarkennslu. Verknámið kom inn í maí og lauk við sín verkefni. Því var ákveðið að fella niður kennslumat á vorönn 2020 því niðurstöðurnar væru engan veginn samanburðarhæfar við eldri niðurstöður. Brotthvarið á vorönn 2020 var 8,6% en rétt er að hafa í huga að þetta gæti veri ónákvæm tala þar sem skráning var ekki alveg nákvæm vegna ástandsins og verið var að fá nemendur til að halda út og ljúka önninni. Þannig eru 28 sem voru teknir út en miðað við gögnin voru 289 úrsagnir í áföngum.

Ennfremur má sjá að brotthvarf í áföngum er undir viðmiðum sem skólinn setti sér og miðað við það hefur dregið úr brotthvarfi hægt og rólega. Vegna ástandsins á vorönn 2020 er ekki gott að vera að meta árangur brotthvarfs þá önn.

Það jákvæða er að þeim sem hætta alveg í skóla hefur fækkað undanfarnar annir en þar getur spilað inn í að atvinnuleysi er mikið á svæðinu og það hamlar því mögulega að nemendur séu að hætta í námi. Verið getur að nemendur hætti frekar í einstaka áföngum og minnki þannig við sig í námi heldur en að hætta alfarið í skólanum.

Þá er þessi mæling frekar að mæla brotthvarf F-eininga sem segir samt ákveðna sögu

	Fjöldi nýnema	Bæst við síðar	Enn í skóla eftir tvö ár	Hlutfall
Tímabilið 2015-2017	254	22	166	65,40%
Tímabilið 2016-2018	255	16	175	68,90%
Tímabilið 2017-2019	251	22	189	75,30%
Tímabilið 2018-2020	226	19	180	78,32%

Brautarskipting - nýnemar						
Haustönn 2017	KK	KVK	alls	KK%	KVK%	alls%
Almennar brautir	80	53	133	51,0%	55,2%	52,6%
Starfsbraut	14	4	18	8,9%	4,2%	7,1%
Starfsnám	11	3	14	7,0%	3,1%	5,5%
Stúdentsbrautir - bók	26	30	56	16,6%	31,3%	22,1%
Stúdentsbrautir - verk	7	0	7	4,5%	0,0%	2,8%
Verknám	19	6	25	12,1%	6,3%	9,9%
	157	96	253	62,1%	37,9%	

Forvitnilegt er að skoða þá nemendur sem innrituðust á stúdentsbrautir á haustönn 2017 en þeir voru einungis tæplega 25% af nemendahópnum eins og sjá má í töflunni hér að ofan. Þetta eru þeir nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði á þessar brautir og eiga því að ráða við námið. Tæp 66,7% þeirra hafa lokið því á þremur árum eins og að var stefnt í upphafi (16,6% af öllum hópnum sem innritaðist upphaflega).

Um 75% af þessum upphaflega hópi er enn í námi nú þremur árum síðar en er væntanlega að fara að ljúka því um áramót eða í vor.

Það er ekki gott að um 40% þessa hóps skuli hafa hætt námi án þess að ljúka prófi en einhver þeirra gætu hafa farið til náms í öðrum skólum. Einnig getur verið að hluti þeirra sé í starfsnámi á þessari önn og komi þess vegna ekki fram.

Eftirfarandi töflur sýna annarsvegar skiptingu nýnema á brautir á haustönn 2017 og síðan önnur sem sýnir hvernig stúdentum hefur vegnað í náminu.

Dreifing nýnema á brautir á haustönn 2017

28 nemendur bættust við seinna, sem ýmist voru að koma úr öðrum skólum eða höfðu ekki farið í skóla.

Haustönn 2017		
Nýnemar	Fjöldi	hlutfall
Skráðir á stúdentsbrautir	63	24,9%
Útskrifaðir stúdentar á 3 árum	42	16,6%
Enn í skólanum	143	56,5%
Hættir	69	27,3%
Bæst við	28	

Af þessum 253 nýnemum sem skráðu sig í skólann í upphafi þá eru rúmlega 56% enn í skólanum, tæp 17% hafa útskrifast og rúmlega 27 prósent hafa hætt, farið í annan skóla eða eru í starfsnámi á þessari önn.

Það eru heldur færri sem fóru í stúdentsnám í þessum árgangi en þeim á undan en hlutfall útskrifaðra er hærra og heldur færri hafa hætt. Það er spurning hvort aðhaldið er að skila árangri.

Skólinn hefur stöðugt verið að leita leiða til að draga úr brotthvarfi en fyrsta markmið gengur útá það. Í fyrra haust voru allir nemendur á framhaldsskólabrautum settir í sér áfanga (NEMÓ) þar sem þau mæta tvisvar í viku á mótí íþróttum til að ekki myndist eyða í töflu. Þetta var inni á aðgerðaráætluninni. Þetta gafst vel og því var haldið áfram með áfangann NEMÓ á vorönninni líka. Það var gert í þeirri von að þetta gæti leitt til þess að nemendur héldust í námi og hættu ekki.

Í NEMÓ er verið að kenna nemendum m.a. námstækni, skipulag, á INNU og gera námsáætlun allt í því skyni að efla sjálfstraust þeirra gagnvart námi. Stundum eru þessir tímar teknir undir námsver.

Á framhaldsskólabraut fornámslínu er mikið utanumhald þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda jafnt í námi sem lífinu sjálfu. Með þessu er vonast til að ná betur til nemenda, efla metnað þeirra og framtíðarsýn svo þau ljúki skilgreindu námi en gefist ekki upp. Vorönnin var þessum nemendum erfið þegar covid lokunin skall á í mars en þetta er sá námshópur sem er ekki að höndla fjarkennslu mjög vel. Þau þurfa að hafa meiri reglu og festu á hlutunum.

Skólinn hefur endurnýjað samning við Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar um sálfræðiþjónustu fyrir nemendur (hálfst stöðugildi).

Í skólanum eru nemendur af 18 þjóðernum. Á haustönn 2018 var ráðinn verkefnastjóri í hlutastarf til að halda utan um þessa nemendur eins og kemur fram í aðgerðaáætlun. Áhersla hefur verið lögð á að efla kunnáttu þeirra á íslensku og að þau hafi einhvern starfsmann sem þau geti leitað til með alla hluti innan skólans. Með því aukast líkur á því að þau nái að ljúka námi en strandi síður á bóklegum hluta þess. Fundað var með verkefnastjóra í málefnum útlendinga hjá Reykjanesbæjar um þessi mál og samstarfið við þau hefur verið gott. Á vorönn var sótt um styrk fyrir verkefni sem nefnist Suðurnesja-Sprettur og er það hugsað til að efla einstaklinga af erlendum uppruna. Hlutfall verkefnastjóra með erlendum nemendum var aukið nú í haust 2020 vegna aukinna verkefna.

Verkefnastjóri var í hálfu starfi sem fylgdist meðal annars með mætingu nemenda og veitti þeim aðhald. Eftirfarandi tafla sýnir mætingu nemenda síðastliðnar þrjár annir.

Yfirlit yfir skólasókn

	Meðalskólasókn	Raunmæting
Vor 2019	85%	83%
Haust 2019	85,4%	83,6%
Vor 2020	84%	81,3%

Ljóst er að þau markmið sem sett voru varðandi mætingar eru ekki að nást (vera yfir 89,7%). Eflaust eru nokkrar skýringar á því en breyting á fjarvistakerfinu er ein þeirra. Einu leyfin sem gefin eru, eru vegna landsliðsferða eða þá að þetta séu fjarvistir vegna námsferða. Skýringar á fjarvistum eru skráðar en einkunn vegna mætingar endurspeglar einfaldlega viðveru í kennslustundum. Að mati sumra kennara hefur þetta leitt til betri mætinga nemenda. Önnur skýring varðandi laka mætingu á vorönn er að skólanum var lokað 16. mars vegna covid og allt námið var sett í fjarkennslu. Við það þá riðlaðist mjög öll skólasókn og skráning viðveru þar sem fyrst og fremst var horft til þess hvort nemendur væru virkir og stæðu skil á verkefnum. Mætingareinkunn var ekki reiknuð í lok annar þar sem hún var ekki talin marktæk.

Markmið skólans er enn sem fyrr að bæta mætingu nemenda, því samband er milli námsárangurs og mætinga eins og við höfum séð í könnunum hjá okkur.

Ekki eru komin gögn yfir þá starfsnámsnemendur sem hafa lokið námi í nýju kerfi þar sem stutt er síðan þær brautir voru teknar upp.

Eftirfarandi töflur sýna skiptingu nýnema á brautir skólans á þessari önn (haust 2020) og síðustu haustönn til samanburðar. Áhugavert er að virða fyrir sér mismuninn milli kynja í þessu sambandi. Strákar eru mun fjölmennari en stúlkur í skólanum, hlutfall stráka er tæp 59% en stelpur eru rúm 41% nemenda. Þetta er svipað kynjahlutfall og verið hefur. Þarna sést í hvaða nám kynin sækja, stelpurnar sækja í stúdentsnám en strákarnir í bæði stúdents- og verklegt nám. Rétt er að benda á aukningu nemenda á starfs- og verknámsbrautum, þrátt fyrir fækkun starfsnámsbrauta, en af þessari töflu má sjá að námsframboðið er fjölbreytt.

Rétt er að vekja athygli á að þessar töflur eru ekki alveg eins fram settar. Ástæðan fyrir því er að starfsnámsbrautum fækkaði því listnámsbraut, tölvufræðibraut og íþróttabraut var öllum breytt í stúdentsbrautir þar með koma fram stúdentar á starfsnámsbrautum sem voru ekki áður.

Skipting nýnema á brautir á haustönn 2020

	KK	KVK	alls	% KK	% KVK	% alls
Framhaldsskólabraut	72	44	116	49%	43%	47%
Starfsbraut	11	4	15	8%	4%	6%
Starfsnám		2	2		2%	1%
Stúdent-bók	21	37	58	14%	36%	23%
Stúdent-starfsnám	13	8	21	9%	8%	8%
Verknám	29	8	37	20%	8%	15%
	146	103	249	59%	41%	

Skipting nýnema á brautir á haustönn 2019

Haut 2019	strákar	stúlkur	alls	strákar	stúlkur	alls
Framhaldsskólabraut	62	51	113	47,3%	49,0%	48,1%
Stúdentsbrautir	27	42	69	20,6%	40,4%	29,4%
Verk- og starfsnámsbrautir	29	6	35	22,1%	5,8%	14,9%
Starfsbraut	13	5	18	9,9%	4,8%	7,7%
alls	131	104	235	55,7%	44,3%	

Skipting nemenda á brautir á haustönn 2020

Braut	KK	KVK	alls	KK%	KVK%	Allir
Framhaldsskólabraut	168	97	265	28%	21%	25%
Starfsbraut	49	14	63	8%	3%	6%
Starfsnám	3	42	45	1%	9%	4%
Stúdent-bók	158	227	385	27%	50%	37%
Stúdent-starfsn.	63	33	96	11%	7%	9%
Verknám	151	39	190	26%	9%	18%
	592	452	1044	57%	43%	

Hér að ofan er hægt að sjá skiptingu allra nema á brautir skólans á núverandi önn, haustönn 2020, miðað við stöðuna í október en þá voru 48 nemendur hættir. Fjöldi nemenda í upphafi september var rétt tæplega 1100.

Í haust voru teknir inn, að beiðni ráðuneytisins, nemendur á þrjár grunnbrautir verknáms og það skýrir að hluta þá fjölgun nemenda sem þar kemur fram.

Skipting nemenda á brautir á haustönn 2019

	KK	KVK	alls	% KK	% KVK	% alls
Framhaldsskólabraut	179	101	280	33%	26%	30%
Starfsbraut	55	14	69	10%	4%	7%
Starfsnám	11	16	27	2%	4%	3%
Stúdent-bók	136	208	344	25%	54%	37%
Stúdent-starfsnám	48	25	73	9%	7%	8%
Verknám	117	18	135	21%	5%	15%
	546	382	928	59%	41%	

Tilhneigingin er sú sama og verið hefur með það nám sem kynin velja. Einnig er vert að benda á þá staðreynd að tæp 56% nýnema (48,1+7,7) eru ekki að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir en framhaldsskólabraut og starfsbraut og meirihluti þeirra eru strákar, 57% en stúlkurnar eru 43% þessa hóps. Þetta er sá hópur sem er í hvað mestri brotthvarfshættu og hefur minnsta skuldbindingu gagnvart námi.

Skólinn hefur mjög breitt námsframboð sem ætti að henta fyrir flesta. Allar brautirnar eru komnar inn í grunninn en tvær verknámsbrautir bíða samþykktar.

Skólinn hefur tekið þátt í því að auglýsa starfsnám með öðrum starfsnámsskólum. Auk þess hefur, í samstarfi við vinnuskólann í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ, verið boðið uppá smiðjur í verklegum greinum fyrir nemendur í 9. bekkjum grunnskólanna í júní og hefur það gengið vel. Einnig hefur verið boðið uppá verklega áfanga fyrir nemendur í bæði 9. og 10. bekkja grunnskólanna í vetur sem eykur enn frekar kynningu á verklegu námi.

Grunnnám í matvæla- og ferðagreinum var auglýst en fór ekki af stað í haust þar sem eftirspurnin var ekki næg.

Rekstrarþættir

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2019 er 1032, þar af 113 grunnskólanemendur (hlutfallsskipting er 59% strákar og 41% stelpur H19). Þetta er nokkuð fleiri nemendur en voru á síðustu haustönn og spurning hvort atvinnuástandið á þar þátt en atvinnuleysi hefur aukist. Í því sambandi má einnig nefna að nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað mikið frá því sem var.

Mannauður: Fjöldi starfsmanna á haustönn 2019 er 95, þar af eru kennarar 67, þroskaþjálfar/iðjuálfar eru 4, námsráðgjafar 3 og stjórnendur 4 auk þess eru 4 stundakennarar. Annað starfsfólk sem sér um skrifstofu, bókasafn, húsvörslu, stuðningsfulltrúar og starfsfólk í eldhúsi er 13 talsins. Ræsting er boðin út og er í verktöku.

Með eftirfarandi töflu er hægt að bera saman nokkra þætti milli þriggja haustanna (upphaf þriggja skólaára) er varða mannauð skólans og rekstrarþætti tengda kennslumagni.

	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020
Meðalaldur kennara	50,87 ár	49,14 ár	49,16 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,03 ár	50,26 ár	48,83 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,3 ár	12,2 ár	11,5 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,4 ár	16,02 ár	15,5 ár
Viðbótarorlof samtals	1730 klst.	1558 klst.	1776,8 klst.
Aldurafsláttur samtals	2514 klst.	2466 klst.	2049 klst.
Heildarkennslumagn á önn	53770 klst.	51463,84 klst.	53737,6 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2987 klst.	2859 klst.	2985,4 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1015,6 klst.	1043,67 klst.	1105 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2021 klst.	2881 klst.	3565 klst.

Meðalaldur kennara, miðað við núverandi skólaár, er rúmlega 49 ár (49,14). Það eru 15 kennarar yfir 60 ára aldri og 12 til viðbótar eru milli 55 og 60 ára, þannig að 27 kennara er yfir 55 ára aldri. Kennarar hafa verið að fara á eftirlaun undanfarin ár og því hefur meðalaldurinn heldur lækkað þar sem yngri kennarar hafa verið ráðnir inn, þetta sést á meðalaldri og kennsluafslætti vegna aldurs. Þarna má sjá að aukaverkefni skv. C hluta stofnanasamnings hafa aukist en það er vegna sérverkefna sem verið er að fara af stað með og hafa aukist eins og verkefnastjórn með málefnum nýbúa, umsjón með erlendum samskiptum svo eitthvað sé nefnt. Starfshlutfall millistjórnenda var aukið haust 2019 og það skýrir hækkunina sem kom inn þar.

Breyting var gerð á stjórnunarkerfinu og hlutfall millistjórnenda var aukið úr 10% í 30% hlutfall og útbúin var sérstök aðstaða fyrir námstjórana eins og þeir kallast núna. Einnig er verið að bæta við sérverkefnum er snerta erlend samskipti og umsjón með nemendum af erlendum uppruna aukin lítillaga vegna fjölgunar þeirra.

Kynjaskiptingin í kennarahópnum er nokkuð jöfn. Það eru 5 kennara sem eru án kennsluréttinda en allir með fagrétindi.

Það voru 13 kennara sem fengu launþrep vegna alúðar á síðasta skólaári sem er aðeins undir viðmiði (15-19).

Skýrsla mætingastjóra haust 2019

Á skólasamningi: Flestir mætingasamningar fyrir haustönn voru undirritaðir í ágúst 2019. Alls voru 63 undirritaðir samningar og af þeim brutu 20 nemendur samninginn með mætingu þar sem þeir fóru yfir 12 fjarvistastig.

Rafræn viðvörðun

Í september fengu 56 nemendur senda viðvörðun vegna mætingar í tölvupósti. Í október fengu 70 nemendur senda viðvörðun vegna mætingar í tölvupósti. Í nóvember fengu 40 nemendur senda viðvörðun vegna mætingar í tölvupósti.

Brottvísunarbréf

Samtals fengu 26 nemendur sent brottvísunarbréf í bréfpósti vegna brota á mætingareglum skólans. Af þeim sendu fimm nemendur bréf til skólaráðs til að útskýra mál sitt og reyna að fá tækifæri til þess að halda áfram í áfanganum. Allir nemendur fengu það samþykkt.

Brotthvarf

Á haustönn hættu alls 27 nemendur og þar af voru 22 af þeim á skólasamning vegna mætinga. Í september hættu fjórir nemendur, tveir fóru að vinna og tveir hættu vegna persónulegra ástæðna. Í október hættu 15 nemendur, fimm var vísað úr skóla vegna mætinga (brot á skólareglum), fjórir fóru á vinnumarkaðinn, einum fannst námið tilgangslaust, einn hætti vegna andlegra veikinda og fjórir vegna annarra ástæðna. Í nóvember hættu átta, einum var vísað úr skóla vegna mætinga, tveir hættu af persónulegum ástæðum, fjórir vegna áhugaleysis og einn fór að vinna.

Skýrsla mætingastjóra vor 2020

Vorönn 2020 var eins og allir vita einstök. Skólanum var lokað 16.mars og óvíst hve lengi það yrði. Allir nemendur skiptu um gír, fóru úr staðnámi yfir í fjarnám og því var lítið um að vera í mætingastarfinu. En hér verður þó tekið saman hver staðan var fram að lokun skólans 16. mars.

Á skólasamningi

Flestir mætingasamningar fyrir vorönn voru undirritaðir í desember 2019 og janúar 2020. Alls voru 68 samningar undirritaðir og af þeim brutu 10 nemendur samninginn þar sem þeir fóru yfir 12 fjarvistastig.

Rafræn viðvörðun

Í lok janúar fengu 88 nemendur senda viðvörðun vegna mætinga í tölvupósti. Í febrúar fengu 119 nemendur senda viðvörðun vegna mætinga í tölvupósti. Í mars fengu 38 nemendur senda viðvörðun vegna mætinga í tölvupósti.

Brottvísunarbréf

Á þessari önn var fyrirkomulagi breytt á brottvísunarbréfum en í stað þess að senda í bréfpósti var gert PDF afrit af bréfinu og það sent rafrænt, einnig á foreldra/forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri. Bréfin voru einnig prentuð út og sett í möppu. Samtals fengu 22 nemendur sent brottvísunarbréf í bréfpósti vegna brota á mætingareglum skólans. Af þeim sendi einn nemandi bréf til skólaráðs til að útskýra mál sitt og reyna að fá tækifæri til þess að halda áfram í áfanganum og var það samþykkt.

Brotthvarf

Á vorönn hættu alls 28 nemendur og voru sex þeirra á skólasamningi. Í janúar hættu fjórir nemendur, tveir vegna persónulegra ástæðna, einn var ekki tilbúinn fyrir nám og annar gaf ekki skýringu. Í febrúar hættu 16 nemendur, einum var vísað úr skóla vegna mætinga (brot á skólareglum), tveir fóru á vinnumarkaðinn, þrem fannst námið tilgangslaust, fimm vegna andlegra veikinda/persónulegra ástæðna, einum var vísað úr landi og fjórir hættu vegna annarra ástæðna. Í mars hættu átta, einum

var vikið úr skóla vegna mætinga, tveir hættu af persónulegum ástæðum, fjórir vegna áhugaleysis og einn fór að vinna.

COVID mætingasamningar

Af þessum 68 nemendum sem voru á skólasamning voru 21 sem náðu öllum sínum áföngum, 15 af þeim féllu í öllu. Af þeim sem eftir voru þá náðu þeir einum – fimm áföngum (með eitthvað fall).

Annað

Áfram hefur verið haldið við að endurnýja búnað og tæki svo halda megi öllu í viðunandi horfi. Endurnýjun tölvubúnaðar og húsbúnaðar er sömuleiðis í takti við það sem segir í stefnuskjali og áætlað var.

Búið er að endurskoða sjálfsmatsblað kennara og matshringinn fyrir innra matið. Heildar niðurstöðurnar fyrir hvora önn má sjá hér að aftan. Í framhaldi af því var framgangskerfið endurskoðað og einnig vegna innleiðingar vinnuáætlunar.

Skýrsla matsnefndar fer hér á eftir sem og niðurstöður kennslumatsins fyrir vor- og haustönn 2019 en kennslumat var ekki framkvæmt á vorönn 2020 eins og áður hefur verið tekið fram.

Skólaskýrslan er komin á heimasíðu skólans en þar má finna frekari upplýsingar um starfsemina.

<https://www.fss.is/static/files/pdf/skyrslur/skolaskyrslur/skolaskyrsla-fs-2019-2020.pdf>

Skýrsla matsnefndar

Inngangur

Á haustönn 2019 mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Haukur Ægisson og Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2019

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metinn.
2. Könnun á viðhorfi starfsmanna til Mötuneytis Fjölbrotaskóla Suðurnesja.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert á haustönn 2019 með hefðbundnu sniði þar sem lagt var fyrir mat í öllum hópum 15 kennara. Þeir kennarar fara síðan í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar. Vegna samkomubanns á vorönn 2020 féll kennslumat niður þá önn.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2020

Engin könnun var lögð fyrir á vegum Matsnefndar á vorönn 2020 vegna samkomubanns í tengslum við COVID-19.

Í könnun á viðhorfi starfsmanna til Mötuneytis Fjölbrotaskóla Suðurnesja var boð sent til 87 starfsmanna og svöruðu 64 eða 73%. Helmingur svarenda segist borða í Mötuneytinu sem er fækkun frá seinustu könnun en þá sögðust 73% borða þar.

Tekin var upp sú nýbreytni að bjóða upp á afganga á föstudögum á hálfvirði og segjast um 38% svarenda vera frekar eða mjög ánægðir með það. Þá eru um 50% þátttakenda sáttir við verðið á matnum í Mötuneytinu. Aðeins 27% svarenda eru ánægðir með úrval á fersku grænmeti.

Tillögur til úrbóta.

Starfsmenn benda á að úrval á fersku grænmeti mætti vera betra og einnig úrval á ferskmeti.



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbraitaskóla Suðurnesja vorönn 2019

Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkjja í viðeigandi reiti

		mjög samnála	frekar samnála	hvorki samm. né ósamm.	frekar ósamnála	mjög ósamnála	
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,2	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4,54	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,53	5	4	3	2	1
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,55	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,51	5	4	3	2	1
6	Ég er sátt/lur við framkomu kennarans	4,56	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,26	5	4	3	2	1
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,23	5	4	3	2	1
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gangrýnn hátt	4,29	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,46	5	4	3	2	1
11	Mér finnst útskýringar kennarans góðar	4,41	5	4	3	2	1
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,46	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,26	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,29	5	4	3	2	1
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum	4,03	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,54	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,38	5	4	3	2	1

Annað sem þú vilt taka fram: Meðaltal allra spurninga á vorönn 2019 er 4,34

Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,35



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbraitaskóla Suðurnesja haustönn 2019

Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkjia í viðeigandi reiti

		mjög sammála	frekar sammála	hverki samm. né ósamm.	frekar ósammála	mjög ósammála	
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,25	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4,46	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,56	5	4	3	2	1
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,52	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,48	5	4	3	2	1
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,48	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,25	5	4	3	2	1
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,23	5	4	3	2	1
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	4,26	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,47	5	4	3	2	1
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,28	5	4	3	2	1
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,39	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,22	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,29	5	4	3	2	1
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluáferðum	4,12	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,55	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,35	5	4	3	2	1

Annað sem þú vilt taka fram:

Meðaltal allra spurninga á haustönn 2019 er 4,36

Meðaltal allra spurninga nema spurningar 1 er 4,37